

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 36/2021

2024/EES/3/36

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/450 frá 19. mars 2019 um birtingu evrópsku matsskjalanna fyrir byggingarvörur sem samin voru til stuðnings reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1320 (framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1764) í XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„1320. **32019 D 0450**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/450 frá 19. mars 2019 um birtingu evrópsku matsskjalanna fyrir byggingarvörur sem samin voru til stuðnings reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjtið. ESB L 77, 20.3.2019, bls. 78).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2019/450, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 77, 20.3.2019, bls. 78.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.